

Íslandsmót kæna 2015

7. til 9. ágúst 2015

Siglingafélag Reykjavíkur - Brokey

Keppt verður fyrir utan Sólfarið og að Engey

Tilkynning um keppni

1. Reglur

Keppt verður samkvæmt:

- a. Kappsiglingareglum ISAF
- b. Kappsiglingafyrirmælum SÍL
- c. Kappsiglingafyrirmælum mótsins

2. Auglýsingar

- a. Auglýsingar verða leyfðar samkvæmt ISAF reglugerð 20 um auglýsingar
- b. Auglýsingar sem keppnishaldari útvegar kann að þurfa að sýna á bátum eða búnaði

3. Þátttökuréttur

Rétt til þátttöku hafa fullgildir félagar í siglingafélögum samkvæmt móta- og keppendareglum SÍL.

Stefnt er að keppni í eftirfarandi flokkum:

- a. Optimist A
- b. Optimist B
- c. Laser 4.7
- d. Laser Radial
- e. Laser Standard
- f. Topper Topaz
- g. Opnum flokki samkvæmt forgjöf frá SÍL

Verði þátttakendur í einhverjum flokki færri en fimm verður sá flokkur hluti af opnum flokki.

4. Skráning

Skráningar berist til keppnisstjórnar fyrir kl. 21:00 mánudaginn 3. ágúst með tölvupósti á

skraning@brokey.is

Taka þarf fram nafn keppenda, seglanúmer, bátstegund og félag sem keppt er fyrir.

Þó er hægt að skrá allt fram að skipstjórafundi, en þá hækkar þáttökugjaldið.

5. Þáttökugjald

Þáttökugjald á hvern keppanda er kr. 3.500.

Gjaldið hækkar í kr. 4.500 ef skráning berst eftir 21:00 þann 3. ágúst

Gjald greiðist á reikning: 516 26-11609 Kt: 681174-0449 eða við afhendingu kappsiglingafyrirmæla.

Senda skal staðfestingu greiðslu á skraning@brokey.is

6. Tímaáætlun

7. ágúst:

- Skipstjórafundur kl. 15:00
- Fyrsta viðförunarmerki kl. 16:30
- Ekki verður ræst eftir kl. 18:30
- Stefnt er að einni til tveimur umferðum

8. ágúst:

- Skipstjórafundur kl. 9:00
- Viðförunarmerki fyrir fyrstu keppni kl. 10:00
- Ekki verður ræst eftir kl. 16:00
- Stefnt er að tveimur til þremur umferðum
- Keppendur fá mat í poka út í bát. (innifalið)
- Grillveisla kl. 19:00 á Ingólfsgarði fyrir keppendur. (Innifalið)

9. ágúst:

Skipstjórafundur kl. 9:00
Viðvörðunarkerfi fyrir fyrstu keppni kl. 10:00
Ekki verður ræst eftir kl. 16:00
Keppendur fá mat í poka út í bát. (Innifalið)
Stefnt er að tveimur til þremur umferðum

7. Kappsiglingafyrirmæli

Kappsiglingafyrirmæli verða afhent fyrir skipstjórafund og verða birt á heimasíðu félagsins www.brokey.is og á tilkynningartöflu á mótssstað daginn áður.

8. Keppnissvæði

Keppt verður fyrir utan Sólfarið og að Engey
Skipstjórnarfundir fara fram á Ingólfsgarði

9. Keppnisbraut

Keppnisbraut verður annað hvort beiting- lens-beiting braut eða þríhyrningsbraut. Brautum verður nánar lýst í kappsiglingafyrirmælum.

10. Stigakerfi

Notað verður lágstigakerfi samkvæmt viðauka A í Alþjóða-kappsiglingareglunum.
Ef kepptar verða þrjár eða færri umferðir, reiknast allar til stiga, annars kastar hver keppandi sinni lökustu keppni.

11. Verðlaun

Veitt verða verðlaun fyrir þrjú fyrstu sætin í hverjum flokki ásamt því að sigurvegarinn hlýtur farandbikar og nafnbótina „Íslandsmeistari viðkomandi flokks 2015“.
Samkvæmt kappsiglingafyrirmælum SÍL er ekki keppt til Íslandsmeistaratitils nema fimm bátar hefji keppni í viðkomandi flokki.

12. Verðlaunaafhending

Verðlaunaafhending fer fram á Ingólfsgarði strax og úrslit verða ljós að lokinni síðustu umferð mótsins.

13. Ábyrgð

Allir sem taka þátt í mótinu gera það á eigin ábyrgð. Sjá reglu 4, ákvörðun um að keppa. Keppnisstjórn ásamt öllum þeim sem taka þátt í framkvæmd mótsins firra sig allri ábyrgð gagnvart tjóni sem kann að verða vegna þátttöku í mótinu.

14. Frekari upplýsingar

Frekari upplýsingar gefur Jón Pétur Friðriksson í síma 694 2314 eða með tölvupósti á jp.fridriksson@gmail.com

